

Alþingi
Umhverfis og samgöngunefnd
sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Ísafirði 24. febrúar 2017

Efni: Umsögn um frv. um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, 146. löggjafarþing 128. mál

Við er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 10. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar um ofangreint mál.

Á árinu 2012 gerði Fjórðungssamband Vestfirðinga samning við Vegagerðina um að taka yfir rekstur þeirra sérleyfa sem Vegagerðin hafði umsjón með á Vestfjörðum. Alls var um 7 sérleyfi að ræða og í flestum tilfellum var samið við þá verktaka sem höfðu sinnt akstri fyrir Vegagerðina. FV er einnig aðili að samningi með landshlutasamtökum í norðvesturkjördæmi SSNV og SSV og Eyþingi, um akstur í gegnum kjördæmið frá Reykjavík til Akureyrar og tengingar við þá leið m.a. til Hólmavíkur um Búðardal.

Auk þessa hefur sveitarfélagið Ísafjarðarbær um árabil verið með samninga verktaka til að sinna almenningssamgöngum á milli þéttbýlisstaða í sveitarfélaginu í bland við skólaakstur. Þessi akstur er án stuðnings ríkisins. Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur hófu á síðasta ári þróunarverkefni um uppbyggingu aksturs til að mæta mjög vaxandi þörf á flutningi vinnuafis á milli þéttbýlisstaða á þessu svæði.

Frómt sagt var tekið við kerfi á Vestfjörðum sem hafði verið fjárhaglega svelt um lengri tíma og ekki hefur verið bætt við með raunhækkun framlaga þ.e. einungis fylgt verðlagsþróun. Kerfið getur því ekki fylgt eftir þeim framförum í samgöngumálum sem hafa átt sér stað s.s. heilsársvegur milli norðanverðra Vestfjarða og höfuðborgarsvæði þar sem fjármagn nægir einungis til sumaraksturs.

Núverandi samningar renna út í árslok 2018 og ætti undirbúningur að nýjum samningum að hefjast á fyrri hluta þessa árs og eiginlega fyrir ef allt væri með felldu. Gildandi lagaumhverfi um farþegaflutninga er klár hindrun í þessum efnum. **Því er mikilvægt að að frumvarp til laga um farþega og farmflutninga nái fram að ganga á 146. löggjafarþingi**, en gera þarf breytingar á frumvarpinu til að tryggja þar ákveðna þætti.

Hér vísast til væntanlegrar umsagnar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem FV hefur kynnt sér og tekur undir í öllum atriðum en rétt er að áréttta eftirfarandi mál.

1. gr gildissvið. Með vísan til umsagnar Sambands íslenskrar sveitarfélaga er áréttað að gildissvið laganna fjalli einnig um einkaleyfi til aksturs innan sveitarfélaga, dæmi hér um er akstur Ísafjarðarbæjar.
2. mrg 1. gr Með vísan til umsagnar Sambands íslenskrar sveitarfélaga er áréttað mikilvægi þess að stærðarundanþága verði veitt til Strætó bs. varðandi akstur með fatlað fólk. En FV vill einnig vísa til aðstæðna s.s. á Vestfjörðum þar strjálbýlt svæði og langar vegalengdir á milli þéttbýlisstaða gerir óhagkvæmt að vera með stærri fólksflutningabifreiðar en þörf er í raun á. Óskað er að tekið verði til skoðunar að setja ákvæði um undanþágu til að mæta þeim aðstæðum.

3. Með vísan til umsagnar Sambands íslenskrar sveitarfélaga er áréttað að bætt verði ákvæði um féviti, ella verður landshlutasamtökum lítt fýsilegt að halda áfram með framkvæmd verkefnisins.
4. 7. gr. Mikilvægi að einkaleyfi sé skilgreint og fest í sessi. Núverandi réttarástand skaðar rekstur og er ekki hvati til að framlengja samninga eftir árið 2018 og eða standa að þróun kerfis fyrir almenningssamgöngur. Með vísan til umsagnar Sambands íslenskrar sveitarfélaga er áréttað að gildissvið 7. gr sé það eindregið að einkaleyfið sé tryggt landshlutasamtökum enda eru þau að reka heilsársþjónustu til hagsmuna fyrir almenning.

Virðingarfyllt
f.h. Fjórðungssamband Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.